



FUNDAGERÐ SKIPULAGS- OG BYGGINGARNEFNDAR

Mánudaginn 1. mars 2010, kl. 17⁰⁰, var fundur haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Skagastrandar. Á fundinn voru mættir: Vilhelm Harðarson, Magnús B. Jónsson, Björn Hallbjörnsson, Svenný Hallbjörnsdóttir, Hafsteinn Pálsson, slökkviliðsstjóri og Bragi Þór Haraldsson, byggingarfulltrúi.

Formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Aðalskipulag Skagastrandar 2010-2022

Fyrir fundinum lágu drög að greinargerð vegna aðalskipulagsins og yfirlitskort þar sem landnotkunarflokkar eru skilgreindir. Fram kom að fyrirliggjandi er að leita heimildar Skipulagsstofnunar til að auglýsa skipulagið. Haldnir hafa verið þrjú opnir íbúafundir til kynningar á ýmsum stigum vinnunnar og sá síðasti 1. febrúar sl. Skipulags- og byggingarnefnd Skagastrandar tók fyrir greinargerð og uppdrætti vegna aðalskipulags Skagastrandar 2010-2022. Nefndin yfirfór fyrirliggjandi gögn en samþykkti síðan að tillagan verði auglýst.

2. Erindi Hringrásar ehf. um lóð á Fellsmelum.

Fyrir fundinum lá erindi Hringrásar ehf. sem sækir um að fá úthlutað 4.613 m² lóð undir athafnasvæði við Spákonufell. Lóðina hyggst Hringrás nota undir endurvinnslu einkum til móttöku og flokkunar á málmum og hjólbörðum. Meðfylgjandi erindinu var lóðartillaga sem felur í sér breytt lóðamörk frá fyrri umfjöllun þar sem gert er ráð fyrir að lóðamörk séu innan jarðvegsmána sem skermi af starfseminu. Á uppdrætti sem fylgdi með erindinu er gert ráð fyrir byggingarreit fyrir iðnaðar og þjónustuhús á svæðinu. Ekki lágu fyrir frekari gögn um byggingar á lóðinni. Skipulags og byggingarnefnd ræddi erindið og samþykkti að úthluta Hringrás ehf. 8.190 m² lóð skv. lóðauppdrætti frá Stoð ehf. þar sem allt athafnasvæði sem skilgreint er á lóðablaði sem unnið er af Mannviti ehf. er gert að lóð undir starfseminu. Staðsetning lóðarinnar er einnig skilgreind í tillögum að aðalskipulagi sem iðnaðarsvæði.

3. Erindi Sorphreinsunar VH. v/Vallarbraut 2

Vilhelm Harðarson lýsti vanhæfi sínu til að fjalla um erindi Sorphreinsunar VH og vék af fundi.

a) Umsókn um leyfi til byggingar á endurvinnslustöð

Fyrir fundinum lá umsókn frá Sorphreinsun Vilhelms Harðarsonar sem sækir um heimild til byggingar á lóðinni Vallarbraut 2 samkvæmt teikningu og lýsingu. Gert er ráð fyrir að steypa veggi í 1 m hæð þvert yfir lóðina sem myndi hæðarmun fyrir gámapelli. Á suður- og vesturmörkum lóðarinnar er gert ráð fyrir 1,8 m hárra jarðvegsmön. Fyrir fundinum lá einnig umsögn heilbrigðisfulltrúa sem gerir ekki athugasemdir við teikningar af fyrirhuguðu gámaplani. Erindið var samþykkt án athugasemda.

b) Ósk um heimild til breytinga á útliti hússins

Fyrir fundinum lá umsókn frá Sorphreinsun Vilhelms Harðarsonar sem sækir um leyfi til breyttrar notkunar og útliti á Vallarbraut 2. Breyting á notkun felst í að húsið verði notað sem úrvinnsluhús til böggunar og flokkunar á endurvinnanlegum efnum. Breyting á útliti er að á suðurhlið hússins veðði settar keyrsludyr skv. meðfylgjandi teikningum. Að öðru leyti ekki gerðar breytingar á húsinu. Erindið var samþykkt.

4. Erindi framkvæmdastjóra HSB

Framkvæmdastjóri HSB sækir um heimild til breytinga á innanhússkipulagi heilsugæslustöðvarinnar á Skagaströnd. Meðfylgjandi erindinu voru uppdrættir sem sýndu fyrirhugaða breytingu sem er fólgin í að koma fyrir útibúi Lyfju inni í húsinu. Erindið var rætt en það var síðan samþykkt.



5. Hólabraut 28, vegna stækkunar á eldhúsi o.fl.

Fyrir fundinum lá erindi Þorgerðar Þóru Hlynsdóttur og Hafliða Brynjólfssonar sem sækja um heimild til að loka svölum og stækka eldhús á efri hæð og anddyri á neðri hæð. Einnig óskað heimildar til að gera bílskýli framan við bílskúrsdyr skv. meðfylgjandi teikningum. Jafnframt er óskað heimildar til útlitsbreytinga á húsinu skv. meðfylgjandi teikningum þar sem breytingar eru gerðar á gluggum hússins.

Erindið var samþykkt.

6. Suðurvegur 8, vegna breytinga á útliti húss.

Fyrir fundinum lá erindi Ardísar Ólafar Arelús dóttur sem sækir um heimild til að lækka útskotsveggi á suðurhlíð eignarinnar Suðurvegi 8 niður í 100 cm hæð.

Magnús lýsti vanhæfi sínu til að fjalla um málið og vék af fundi.

Erindið var samþykkt.

7. Hólanesvegur 6, umsókn um lóð.

Fyrir fundinum lá bréf Sigríðar Bjarkar Sveinsdóttur og Ingvars Jónssonar sem óska eftir byggingarlóð að Hólanesvegi 6 og senda jafnframt hugmyndir að þeirri húsgerð sem þau hefðu áhuga á að byggja á lóðinni.

Nefndin ræddi málið og komst að þeirri niðurstöðu að með tilliti til skipulagslaga þurfi að gera deiliskipulag af byggingarreitnum til að mögulegt sé að samþykkja byggingu húss á lóðinni.

Byggingarnefnd var sammála um að gæta þurfi að hæð og húsformi á svæðinu. Taldi nefndin æskilegt að við deiliskipulag yrði miðað við hús sem væri ekki nema einni hæð yfir götulínu og takmarka ætti þakhæð með tilliti til nálæggra húsa.

8. Umferðarmál:

a) Hraðahindranir – staðsetning

Fyrir fundinum lá uppdráttur sem sýnir staðsetningu hraðahindrana í þéttbýli á Skagaströnd.

Um er að ræða 6 hraðahindranir á eftirtöldum stöðum:

- Fellsbraut við hús nr. 17
- Oddagata við norðurmörk lóðar nr. 3
- Strandgata við hús nr. 2
- Strandgata milli húss nr. 10 og Lækjarbakka
- Bogabraut við lóðamörk nr. 5 og 7
- Ránarbraut við hús nr. 12

Samþykkt að óska umsagnar lögreglu um hraðahindranirnar.

b) Umferðarhraði í íbúðagötum

Tekin var umræða um hvort ástæða sé til að breyta hámarkshraða og setja hann niður í 30 km/klst. í ákveðnum götum. Mikil umræða varð um málið. Samþykkt að óska eftir fundi með fulltrúa lögreglunnar og fá upplýsingar um umferðahraða og reynslu annarsstaðar af takmörkun á hraða í þéttbýli.

9. Staðfesting lóðamarka:

a) Vallarbraut 4,

Lóð 2.234 m² samkvæmt lóðauppdrætti Frá Stoð ehf. dags. 25.02.2010.

Samkvæmt gildandi lóðasamningi er lóð 2.145 m². Lóðin breiðkar um 1,5 m til suðurs.

Lóðamörkin voru staðfest.



b) Oddagata 22,

Lóð 2.097 m² samkvæmt lóðaupprætti Frá Stoð ehf. dags. 25.02.2010. Samkvæmt gildandi lóðasamningi er lóð 1.750 m². Lóð breiðkar um 6 m til suðurs en norðurmörk færast 1,5 m sunnar. Stækkun lóðarinnar miðar að því að skapa athafnarými sunnan við húsið. Lóðamörkin voru staðfest.

c) Ásholt,

Lóð 54.117 m² samkvæmt lóðaupprætti frá Stoð ehf. 21.01.2010 sem byggir á mælingum Braga Þórs Haraldssonar en lóðin var mæld upp í samráði ábúanda Ásholts, Óskar Axelsson. Ekki finnst lóðasamningur en í fasteignaskrá er Ásholt skilgreint sem jörð 8,8 ha. ræktað land. Ræktunarland austan vegar (nr. 12) fylgir Ásholti. Stærð ræktunarlands er 9.582 m² Lóðamörkin voru staðfest.

d) Ás,

Lóð 20.400 m² samkvæmt lóðaupprætti Frá Stoð ehf. dags. 21.01.2010 sem byggir á mælingum Braga Þórs Haraldssonar en lóðin var mæld upp í samráði við eiganda Áss, Lárus Árnason. Samkvæmt gildandi lóðasamningi er lóð 1,7ha. Lóðamörkin voru staðfest.

e) Fyrir mótorkrossbraut MX-klúbbsins

Lóð 24.416 m² samkvæmt lóðaupprætti Frá Stoð ehf. dags. 21.01.2010 sem byggir á mælingum Braga Þórs Haraldssonar samkvæmt skilgreiningu Björns Hallbjörnssonar og sveitarstjóra á stærð og legu lóðarinnar. Ekki er fyrirbyggjandi lóðasamningur við MX-klúbbinn en vísað til afgreiðslu skipulags- og byggingarnefndar 15. september 2008. Lóðamörkin voru staðfest.

10. Önnur mál.

Ekki voru tekin fyrir mál undir þessum dagskrárlíð.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 19.³⁰

Vilhelm Harðarson,

Magnús B. Jónsson,

Björn Hallbjörnsson,

Svenný Hallbjörnsdóttir,

Hafsteinn Pálsson,

Bragi Þór Haraldsson,